

**Fundargerð**  
**Skipulagsnefnd Árneshrepps kl: 14:00,**  
**Fimmtudaginn 6. júní.**

Fundinn sátur:

Arinbjörn Bernharðsson, formaður

Guðlaugur Ágústsson, aðalmaður

Úlfar Eyjólfsson, aðalmaður

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi

**Dagskrá:**

1. Deiliskipulag vegna rannsóknarleyfis vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Hvalá. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn er varða deiliskipulagið og gerir ekki athugasemd við að hreppsnefnd birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild stjórnartíðinda.

*Skipulagsnefnd tekur málið til kynningar og vísar málinu til frekari afgreiðslu hjá Hreppsnefnd.*

2. VesturVerk ehf. óskar eftir framkvæmdarleyfi fyrir viðhaldi Ófeigsfjarðarvegar (649). Vegurinn á að nýtast sem aðkomuleið að framkvæmdarsvæði vegna undirbúningsrannsókna fyrir Hvalárvirkjun. Vegkaflinn er um 16 km langur og nær frá brekku ofan Eyrar að Hvalá í Ófeigsfirði. Fyrir liggur rannsóknarleyfi Orkustofnunar fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði í samræmi við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsókn VesturVerks fyrir viðhaldi á Ófeigsfjarðarvegi með fyrirvara um samning VesturVerks við vegagerðina.*

3. Bátaskýli á Gjögri, óleyfisframkvæmd. Tekin fyrir athugasemd frá Hilmarí F. Thorarensen vegna bátaskýlis sem reis án tilskyldra leyfa á Gjögri.

*Skipulagsnefnd tekur ákvörðun um að fresta málinu.*

4. Byggingarframkvæmdir á Norðurfirði 1.

*Skipulagsnefnd samþykkir erindi um byggingarleyfi.*

-----.

-----.

-----.

-----.